

Kirkjuþing 2020-2021.

25. mál-þskj. 25.

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um mótun stefnu Þjóðkirkjunnar í málum fólks á flóttu og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af biskupi Íslands.

Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

Kirkjuþing 2020 samþykkir eftirfarandi stefnu:

#### **Stefna Þjóðkirkjunnar í málum fólks á flóttu og umsækjenda um alþjóðlega vernd.**

1. Þjóðkirkjan er opin öllum íbúum Íslands og þeim sem dvelja á Íslandi.
2. Þjóðkirkjan hefur miklar áhyggjur af aðstæðum flóttafólks (þ.m.t. umsækjendum um alþjóðlega vernd) í heiminum en ekki síst á Íslandi. Aðstæður sem flest flóttafólk býr við eru ein af grófum birtingarmyndum afmennskunnar. Þjóðkirkjan vill berjast gegn henni. Sérhver manneskja er sköpun Guðs. Mennta er því hluti af henni og hún er barn Guðs og nýtur blessunar hans óháð því hvort hún trúir á hann eða ekki. Þess vegna berst Þjóðkirkjan gegn afmennskun í heiminum og reynir að varðveita menntu mannanna.
3. Þjóðkirkjan vill þjóna öllum hælisleitendum óháð trúarlegum bakgrunni þeirra. Jafnframt býður hún hælisleitendur velkomna þegar þeir vilja kynna kristinni trú, verða kristnir og hluti af kirkjunni.
4. Þjóðkirkjan vill vera málsvari og sjálfstæður aðili í málefnum flóttafólks. Hún er tilbúin til að eiga samstarf við félög og stofnanir, kirkjur eða trúfélög hér á landi til að ná sem bestum árangri í þessum málaflokki.
5. Þjóðkirkjan vill styrkja þjónustu við flóttafólk með sérstakri áherslu á hlutverk kirkjunnar sem skjólshús (e. *sanctuary*). Hlutverk kirkjunnar sem skjólshús hefur ekki sömu merkingu og hugtakið kirkjugrið. Skjólshús í þessu samhengi felur í sér viðleitni til að vera virkur þátttakandi í að efla guðsríki sem er „mitt á meðal yðar“ auk þess að leggja áherslu á gullnu regluna í verki, að við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur, ekki síst á erfiðum tímum. Kirkjan sem skjólshús er farvegur fyrir huggun og náð Guðs sem veitir hvíld og frið og býður flóttafólki sem hingað leitar í neyð sinni að verða hluti af fjölskyldu sinni.
6. Biskup Íslands skipar sex manna starfshóp „Seekers ministry“ sem starfar sérstaklega að málefnum flóttafólks. Starfshópurinn hefur umboð til að kalla til sín sjálfboðaliða á eigin ábyrgð. Hlutverk *Seekers ministry* er að skipuleggja starfsemi og þjónustu við flóttafólk, leiða framkvæmd þjónustunnar auk þess að leggja mat á árangur þjónustunnar. Þá skal hópurinn leiðbeina og aðstoða söfnuði Þjóðkirkjunnar í málefnum flóttafólks.
7. Þjóðkirkjan stefnir að því að veita eftirfarandi þjónustu:
  - a) Málsvörn (samtal, samstaða)

- b) Sálgæslu (huggun)
- c) Helgihald/bænagjörð/samverur (samvera)
- d) Þjónusta í samstarfi við aðra (samvinna)
- e) „Mentor-stuðningur“ (samvinna)

Nánari útfærsla er í höndum *Seekers ministry* starfshópsins.

8. Til þess að auðvelda framkvæmd og þjónustu verði nokkrir söfnuðir tilnefndir sem móttökusöfnuðir sem vinna með *Seekers ministry* í þjónustu við flóttafólk. Móttökusöfnuðir eru Háteigskirkja, Laugarneskirkja, Breiðholtskirkja, Ástjarnarkirkja og Keflavíkurkirkja. Með því að útnefna móttökusöfnuði er ekki verið að takmarka þátttöku annarra safnaða í landinu til að vinna að málefnum hælisleitenda og flóttafólks heldur að tryggja þjónustu við fólk á flóttu. Hverjum söfnuði stendur til boða að gerast móttökusöfnuður, óski hann eftir því.
9. Í Breiðholtskirkju er söfnuður fólks á flóttu í mótun undir nafninu Alþjóðlegi söfnuðurinn í Breiðholtskirkju. Alþjóðlegi söfnuðurinn er „módel-söfnuður“ þar sem flóttafólk, innflytjendur og Íslendingar koma saman í anda Krists.
10. Þjóðkirkjan styður eindregið að réttindi og velferð fólks á flóttu séu virt, þar á meðal flóttafólks sem fengið hefur „vernd“ í öðru landi en ekki getað dvalið þar áfram vegna óbærilegra lífskjara. Sérstaklega er tekin afstaða með öllum börnum á flóttu og þeim sem eru á flóttu eru vegna kristinnar trúar sinnar.

*Greinargerð.*

## **Formáli**

Í kjölfar umræðu um 15. mál kirkjuþings 2019, tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu, hælisleitenda og innflytjenda, samþykkti kirkjuþing að skipaður yrði þriggja manna starfshópur til að móta stefnu og verklagsreglur Þjóðkirkjunnar í málefnum hælisleitenda, fólks á flóttu og innflytjenda. Var biskupi Íslands falið að skipa starfshópinn.

Starfshópur var skipaður formlega þann 29. nóvember 2019, og leggur hann fram tillögu um stefnu og verklagsreglur þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu og hælisleitenda.

Starfshópurinn vill taka fram að tillaga þessi fjallar eingöngu um stefnu og verklagsreglur er varða hælisleitendur og fólk á flóttu, þó að tillögur kirkjuþings geri einnig ráð fyrir að fjallað verði almennt um málefni innflytjenda.

Ástæða þess er einfaldlega sú að málefni flóttafólks og innflytjenda eru talsvert ólík þó að þau eigi ýmislegt sameiginlegt. Starfshópnum gafst ekki nægur tími til að útbúa tillögur sem ná til beggja hópanna á þeim rúmum þremur mánuðum sem eru á milli þinga.

Fjallað verður um svokallað kvótaflóttafólk um leið og almenna innflytjendur vegna þess að málefni þeirra síðar nefndu eru í tiltölulega góðum farvegi samanborið við þann hóp fólks sem sótt hefur um alþjóðlega vernd (hælisleitendur).

Nefndin mun halda vinnu sinni áfram og skila tillögu að stefnumótun almennt um málefni innflytjenda og móttöku kvótaflóttafólks fyrir kirkjuþing árs 2021.

Nefndin átti að skila tillögum sínum í mars á þessu ári en ákveðið var að fresta kirkjuþinginu vegna covid 19. daginn sem skilafresturinn rann út.

Þær hamfarir sem covid 19 hefur haft í för með sér og viðbrögð einstakra ríkja við þeim munu hafa mjög mikil áhrif á málefni flóttamanna víða um heim á næstu árum, ekki síst hér á landi.

Sem dæmi má ætla að samgöngur á milli Evrópulanda muni verða takmörkunum háðar á komandi mánuðum og að landamæraeftirlit verði hert. Þetta mun hafa áhrif á þann fjölda flóttamanna sem kemur til Evrópu og á hreyfingu fólks á milli landa Evrópu. Ætla má að því talsverðar breytingar verði á málefnum flóttamanna á Íslandi í kjölfar fársins.

Sem dæmi má nefna að dómsmálayfirvöld á Íslandi ákváðu að stöðva brottvísun umsækjanda um alþjóðlega vernd á meðan landamærin væru lokað. Fyrirhugaðar brottvísanir voru afturkallaðar. En umsóknir viðkomandi hælisleitenda voru teknar til efnislegrar meðferðar.

Fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd frá byrjun apríl til júní voru aðeins 28. En í júlí jókst fjöldinn á ný og var heildarfjöldi umsókna 106 í mánuðinum.

Nú í lok ágúst er ekki hægt að spá hvernig straumur flóttafólks verður á næstunni og því þarf að fylgjast vel með þróun mála.

Tillagan sem hér er lögð fram tekur mið af aðstæðum flóttamanna fyrir covid 19. Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar málefni flóttamanna verða rædd á vettvangi þjóðkirkjunnar og aðlaga stefnu hennar að hinum nýja veruleika.

En þrátt fyrir það getur meginhluti tillögunnar staðið óbreyttur, guðfræðilegi hlutinn, viðhorf kirkjunnar til hælisleitenda og staða kirkjunnar með flóttafólki.

Mikilvægt er að þjóðkirkjan taki það skref að leggja fram stefnumótun í málefnum flóttamanna. Nefndin óskar eftir skapandi umræðum og jákvæðri niðurstöðu .

## 1. Stefnumótun um mál fólks á flótta: Guðfræðilegur grunnur

### 1.1) Saga Ísraelmanna og útlendinga í Gamla testamentinu

Staða flóttamanna og útlendinga er miðlægt þema í Biblíunni, sérstaklega í Gamla testamentinu. Segja má að saga Ísraelsþjóðarinnar sé saga þjóðar á ferð, herleiðinga og búferlaflutninga af öðrum ástæðum.

Saga hennar hófst með því er Guð kallaði Abraham til að flytjast til fyrirheitna landsins til að verða þjóðunum til blessunar:

*„Drottinn sagði við Abram: „Far þú burt úr landi þínu, frá ættfólki þínu og úr húsi föður þíns til landsins sem ég mun vísa þér á. Ég mun gera þig að mikilli þjóð og blessa þig og gera nafn þitt mikið. Blessun skalt þú vera. Ég mun leiða blessun yfir þá sem blessa þig og bölvun yfir þann sem formælir þér. Allar ættkvíslir jarðarinnar munu af þér blessun hljóta.““ (1. Mós. 12:1-3).*

Síðar varð til trúarjátning:

*„Faðir minn var umreikandi Aramei og hann fór suður til Egyptalands faliðaður og hlaut þar hæli sem aðkomumaður og varð þar að mikilli, öflugri og fjölmennri þjóð. En Egyptar léku okkur grátt, kúguðu okkur og lögðu á okkur þunga þrælavinnu. Þá hrópuðum við til Drottins, Guðs feðra okkar, og Drottinn heyrði hróp okkar og sá eynd okkar, þraut og ánaud. Og Drottinn leiddi okkur út úr Egyptalandi með sterkri hendi og útréttum armi og með mikilli skelfingu, táknum og stórmerkjum.*

*Hann flutti okkur á þennan stað og gaf okkur þetta land, land sem flýtur í mjólk og hunangi.” (5. Mós. 26:5-10)*

„Exodus“, þ.e. brottför Ísraels frá Egyptalandi, var tvímælalaust mikilvægasti atburðurinn í sögu gyðingdóms. Fyrir gyðinga er Exodus kjarni trúar þeirra og allt um gyðingdóminn byggist á Exodus. T.d. er „Shema Yisrael“ bæn sem virkir gyðingar segja tvisvar á hverjum degi, á morgnana og á kvöldin, og það má segja að þetta sé eins og okkar „Faðir vor“.

„Shema“ er raunar hluti af 5. Mósebók og telst vera kjarni Mósebókanna fimm.

Í „Shema“ er sagt:

*„Drottinn, Guð þinn, mun leiða þig inn í landið (....) með stórum og fögrum borgum sem þú byggðir ekki, (...) víngröðum og ólífutrjám sem þú gróðursettir ekki. Þegar þú matast og verður mettur, gæt þess þá að þú gleymir ekki Drottni sem leiddi þig út úr Egyptalandi, úr þrælahúsinu“ (5. Mós. 6:10-12).*

Það er endurtekið aftur og aftur í Mósebókum að muna Guð sem hefur leitt gyðinga út úr þrælahúsi, Egyptalandi. Þannig er reynsla af „að vera á flóttu“ grunnur trúar gyðinga á Guð.

Af þessu leiddi að Ísraelsmenn litu á sjálfa sig sem útlendinga, fólk í flutningum. Guð áminnti þá um að koma vel fram við útlendingana sem bjuggu á meðal þeirra af því að þeir höfðu verið sjálfir í þeirri stöðu:

*„Aðkomumaður, sem dvelur hjá ykkur, skal njóta sama réttar og innborinn maður. Þú skalt elska hann eins og sjálfan þig því að þið voruð aðkomumenn í Egyptalandi. Ég er Drottinn, Guð ykkar.” (3. Mósebók 19:34)*

Þegar musteri Salómons var vígt bað hann m.a. þessarar bænar:

*„Ef útlendingur, sem ekki er af lýð þínum, Ísrael, kemur frá fjarlægju landi vegna þíns mikla nafns og sterku handar og útréttis arms þíns, ef hann kemur og biður og snýr sér í átt til þessa húss, heyr þá á himnum þar sem þú býrð. Gerðu allt sem útlendingurinn ákallar þig um til þess að allar þjóðir jarðar játi nafn þitt.” (1. Kónungabók 8:41-43)*

## 1.2) Kenning Jesú og skilningur kristinnar kirkju

Að vera á flóttu var einnig þýðingarmikið í ævi Jesú. Eins og við lesum og heyrum árlega þá leituðu Jósef og María hælís í Egyptalandi ásamt nýfæddum Jesú, þar sem Guð varaði þau við:

*„Rís upp, tak barnið og móður þess og flý til Egyptalands“ (Matt. 2:13).*

En þetta var ekki allt. Jesús kenndi lærisveinunum sínum að þeir tilheyrðu ekki þessum heimi.

*„Ef heimurinn hatar yður þá vitið að hann hefur hatað mig fyrr en yður. Væruð þér af heiminum mundi heimurinn elska sína. Heimurinn hatar yður af því að þér eruð ekki af heiminum heldur hef ég útvalið yður úr heiminum.*

*„Minnist orðanna sem ég sagði við yður: Þjónn er ekki meiri en herra hans. Hafi menn ofsótt mig þá munu þeir líka ofsækja yður. Hafi þeir varðveitt orð mitt munu þeir líka varðveita yðar.” (Jn. 15:18-21)*

Trúaða fólk í hinni nýstofnuðu kirkju lærðu á ofsóknartímum að þeir tilheyrðu ekki heiminum, heldur væru útlendingar, ferðamenn, á leið til ríkis Guðs. Í Hebreabréfi stendur: *„Allir þessir menn dóu í trú án þess að hafa öðlast fyrirheitin. Þeir sáu þau á lengdar, fögnuðu þeim og játuðu að þeir væru gestir og útlendingar á jörðinni“ (Heb. 11:13).*

Þannig skilgreinir heilög ritning okkur sem „útlendinga á jörðu“. Trúarlega erum við sjálf á nýrri „Exodus-ferð“ ekki hér á jörðu heldur til himnaríkis. Þess er að vænta með komu Guðs ríkis.

### 1.3) Saga Íslendinga sem útlendinga á flóttu

Það er einnig umhugsunarvert, að hinir fyrstu Íslendingar voru útlendingar á flóttu frá Noregi. Flestir voru ekki kristnir, en samt eru ýmis örnefni sem benda til þess að hluti landnámsmanna hafi aðhyllst kristna trú. Vitað er af landnámi kristinna manna eins og Auðar djúpúðgu. Því væri ekki óeðlilegt að Íslendingar minntust sjálfra sín sem útlendinga á flóttu.

Þegar Móðuharðindin stóðu sem hæst í lok 18. aldar voru Danir tilbúnir að flytja íslensku þjóðina til Jótlandsheiða. Af því varð ekki. Oft hafa iðnaðarmenn flutt af landinu með fjölskyldur sínar á samdráttartímum í efnahagslífinu og þeim verið vel tekið af öðrum þjóðum. Það er því blettur á sögu þjóðarinnar hvernig ráðamenn hér á landi, bæði forsætisráðherra og landlæknir, neituðu að taka á móti Gyðingum á flóttu í seinni heimsstyrjöldinni. Og það er sorglegt ef miskunn og mannúð fær ekki að ráða á meðal Íslendinga gagnvart málefnum fólks á flóttu, sérstaklega börnum og þeim sem ofsóttir eru vegna trúar sinnar.<sup>1</sup>

## 2. Yfirlit um stöðu hælisleitenda á Íslandi

### 2.1) Flóttamenn í heiminum

Samkvæmt upplýsingum frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), eru 70,8 milljónir jarðabúar á flóttu. 41,3 milljónir eru á flóttu innan heimalands síns og 29,4 milljónir utan þess. Á meðal þeirra 29,4 milljóna manna á flóttu utan heimalands síns eru 25,9 milljónir undir verndarvæng Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna eða UNRWA (United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the near east).<sup>2</sup>

3,5 milljónir manna eru hælisleitendur og leita hælis utan heimalands síns. Samkvæmt upplýsingum frá International Organization for Migration, IOM, komu 128.536 hælisleitendur til Evrópu 2019, en samtals 854.596 manns frá 2016. Nærri 90% þeirra sem komu til Evrópu komu sjóleiðina.<sup>3</sup>

### 2.2) Umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi

Útlendingastofnun veitir árlega tölulegar upplýsingar um umsækjendur um alþjóðlega vernd hér á landi.<sup>4</sup>

Tölurnar í þessum kafla eru fengnar þaðan nema annað sé tekið fram.

<sup>1</sup> Snorri G. Bergsson 2017:144-251, Erlendur landshornalýður? Flóttamenn og framandi útlendingar á Íslandi 1853-1940. Reykjavík: Almenna bókafélagið BF-útgáfa ehf.

<sup>2</sup> <https://www.unhcr.org/figures-at-a-glance>

<sup>3</sup> <https://migration.iom.int/europe?type=arrivals>

<sup>4</sup> <https://www.utl.is/index.php/um-utlendingastofnun/toelfraedhi/toelfraedhiverndarsvidhs>

	2017	2018	2019
Fjöldi umsækjenda samtals	1.096	800	867
Kk	740	482	427
Kvk	173	134	207
Börn	183	174	233
Fjöldi leyfisveitinga (vernd, viðbótarvernd, leyfi af mannúðarást)	135	160	376
Fjöldi synjana samtals	1.156	530	747
Synjanir eftir málsmeðferð	322	246	251
Dyflinnarbrottvísanir	235	152	173
Vernd í öðru ríki	38	70	182
Aðrar niðurstöður	563	162	141
Helstu upprunalönd síðustu 3ja ára	Írak	360	
	Georgía	355	
	Albanía	328	
	Venesúela	196	
	Sómalía	122	
	Afganistan	112	
	Sýrland	98	
	Nígería	96	
	Íran	89	
	Pakistan	86	

### 2.3) Aðstæður barna á flóttu á Íslandi

Samkvæmt fréttaskýringu Stundarinnar 2. nóvember 2019, hafði 317 barni sem leitað hafði hælís hér á landi verið vísað úr landi á tímabilinu mars 2013 og upphafs nóvember 2019.

75 börn voru send úr landi á fyrstu tíu mánuðum árs 2019.<sup>5</sup>

Ísland hefur undirritað Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um að velferð barna eigi að vera í fyrirrúmi. Þess vegna krefjast margir Íslendingar þess að yfirvöld hætti að vísa börnum á flóttu til annarra landa.

<sup>5</sup> [https://stundin.is/grein/9843/omurleg-orlog-fjolskyldu-sem-visad-var-fraislandi/#=\\_](https://stundin.is/grein/9843/omurleg-orlog-fjolskyldu-sem-visad-var-fraislandi/#=_)

#### 2.4) Flótti vegna kristinnar trúar.

Samkvæmt samtökunum „Aid to the Church in Need“ sæta um 300 milljónir kristinna manna kúgunnar með einhverjum hætti,<sup>6</sup> og samkvæmt samtökunum „Open Doors USA“ er fjöldinn 260 milljónir.<sup>7</sup>

Þó að tölur um fjölda kristinna manna sem búa við ofsóknir séu svolítið á reiki er það staðreynd að kristnir menn eru ofsóttir í Nígíeríu, Íran, Kína og fleira löndum. Trúverðugar fréttaveitir staðfesta það.

Hvað varðar hælisleitendur á Íslandi er engin tölfræði til um ástæður þess að fólk hefur lagt á flóttu og því hefur nefndin ekki tölfræðilegar upplýsingar um hve margir hafa komið hingað vegna ofsókna gegn kristinni trú.

Ljóst er af starfi kirkjunnar á meðal hælisleitenda sl. 5 – 6 ár að talsverður fjöldi fólks hefur flúið heimaland sitt vegna kristinnar trúar sinnar. Gróflega talið hafa um 40 manns sem sótt hafa samkomur kirkjunnar síðustu 5 ár flúið heimaland sitt vegna kristinnar trúar sinnar, eingöngu eða að hluta til.

#### 2.5) Flótti frá löndum sem veita „vernd“.

Eins og kunnugt er eru aðstæður flóttafólks í nokkrum löndum Suður-Evrópu mjög mismunandi. Þangað kemur flóttafólk til Evrópu frá Miðausturlöndum og Afríku og því streyma ótal flóttamenn t.d. til Grikklands, Ítalíu og Ungverjalands.

Sem dæmi eru nú um 50.000 flóttamenn í Grikklandi sem hugsanlega munu dvelja þar til framtíðar samkvæmt upplýsingum frá International Rescue Committee (IRC) <sup>8</sup> en grísk stjórnvöld búast við 100.000 flóttamönnum til viðbótar á ný á þessu ári.<sup>9</sup>

Þessi lönd hafa því fleiri flóttamenn en þau ráða við, hælisleitendur og fólk sem hlotið hefur landvistarleyfi sem geta hvorki fengið húsnæði né atvinnu og er því ófært um að fá grundvallarþörfum sínum uppfyllt. Af þessum ástæðum neyðist fólk til að flýja enn og aftur til nýs lands.

Á árunum, 2018 og 2019 var 252 hælisleitendum vísað úr landi vegna þess að þeir höfðu þegar fengið „vernd“ í öðru ríki samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun. Á meðal þeirra voru 39 konur og 84 börn.

Nefndin telur að brýnt sé að Þjóðkirkjan hafi skýra afstöðu um réttindi og velferð flóttafólks, ekki síst barna.

### 3. Hlutverk kirkjunnar í málefnum flóttamanna

Nefndin leggur áherslu á tvö meginatriði sem hlutverk Þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu. Annars vegar er það hlutverk kirkjunnar sem skjólshús (e. Sanctuary), og hins vegar barátta kirkjunnar gegn afmennskun í öllum birtingarmyndum sínum.

---

<sup>6</sup> Aid to the Church in Need is a 501(c)(3) non-profit organization. <https://www.churchinneed.org/christian-persecution>

<sup>7</sup> Open Doors USA is a 501(c)(3) organization and charter member of ECFA, the Evangelical Council of Financial Accountability. <https://www.opendoorsusa.org>

<sup>8</sup> <https://www.rescue.org/country/greece>

<sup>9</sup> <https://www.dw.com/en/greece-expects-100000-more-migrants-in-2020/a-51716555>

### 3.1) Kirkjan sem örð Guðs og björgunarbátur

Í sögunni um örkinu hans Nóa björguðust þeir sem voru inni í henni. Þeir sem voru utan hennar létu lífið. Ef fólk sem er inni í örkinu læsir dyrum hennar kemst fólk að utan ekki inn.

Björgunarbátur eins og örkin hans Nóa er táknrænn fyrir stöðu flóttamanna í dag. Fólk flýr land sitt í leit að björgun. Á meðal áfangastaða eru Vestur- Evrópa, Norður-Ameríka og Rússland, sem hverju um sig má líkja við örð. Hið sama á við um Ísland.

En þó að fólk frá Miðausturlöndum eða Afríku sé komið inn í arkinnar, hvar sem þær eru, eru dyr þeirra læstar svo að nýtt fólk kemst ekki inn. „Af hverju opnið þið ekki dyrnar fyrir okkur?“, spyr flóttafólk. „Af því að það er ekkert rými fyrir ykkur hér. Og við viljum ekki láta eftir þægindi okkar vegna ykkar,“ svarar fólkinn inni í örkunum.

Björgunarbátur hefur ákveðið rými fyrir farþega og það er einmitt staða kirkjunnar í dag. Hún er knúin til að gera sér grein fyrir hlutverki sínu gagnvart fólk á flóttu. Hún þarf að taka af skarið í umræðunni um það hver megi koma inn í björgunarbátinn og hver ekki.

Hér þurfum við að minna okkur á það að Kristur braut niður mörk björgunar. Það leiðir okkur að öðru hugtaki sem er „kirkja sem skjólshús“.

### 3.2) Kirkjan sem skjólshús (e. *sanctuary*)

Nefndin leggur til að hugtakið „skjólshús“ (e. *sanctuary*) verði notað til að gera hlutverk kirkjunnar skýrara. Það er gert til að forðast tengingu við hugtakið „kirkjugrið“ og með því forðast misskilning.

Kirkja sem skjólshús merkir fyrst og fremst að hún á að vera endurskin ríkis Guðs á jörðinni. Sérhver söfnuður kristinnar kirkju er birtingarmynd guðsríkis að svo miklu leyti sem breyskir menn geta fylgt boðorðunum og hinu tvöfalda kærleiksboði Krists. En þegar við tölum um skjólshús í tengslum við málefni flóttamanna leggjum við sérstaka áherslu á að komið sé fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur á erfiðum tímum. „Hér stendur til boða huggun Guðs og mildi, hvíld og friður og að vera hluti af fjölskyldu okkar“ mitt í hörðum raunveruleika flóttafólks.

Ef til vill má segja að þessi orð Jesú séu kjarni anda kirkjunnar sem skjólshúss:

*„Því hungraður var ég og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég og þér hústuð mig, nakinn og þér klædduð mig, sjúkur og þér vitjuðuð mín, í fangelsi var ég og þér komuð til mín. Konungurinn mun þá svara þeim: Sannlega segi ég yður: Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér.“ (Matt. 25:35,40)*

Kirkjan sem skjólshús hefur ótakmarkaða möguleika til að taka á móti þeim sem vilja þiggja skjól hennar og hlífð. Jesús Kristur reif niður alla veggi fjandskapar með dauða sínum á krossi og sætti heiminn við Guð. Hann gerði þá sem kallaðir hafa verið gestir og útlendingar að heimamönnum Guðs, samþegnum hinna heilögu, þ.e. kirkjunnar fólk:

*Því að hann er friður okkar. Hann gerði heiðingja og Ísraelsmenn að einum, hann reif niður vegginn sem skildi þá að, fjandskapinn milli þeirra. Með lífi sínu og dauða afmáði hann lögmálið með boðorðum þess og skipunum til þess að setja frið og skapa í sér einn nýjan mann úr báðum..*

*Þess vegna eruð þið ekki frammar gestir og útlendingar heldur eruð þið samþegnar hinna heilögu og heimamenn Guðs. Þið eruð bygging sem hefur að grundvelli postulana og spámennina en Krist Jesú*



*sjálfan að hyrningarsteini. Í honum tengist öll sú bygging saman, vex og verður heilagt musteri í Drottni. Með honum eruð einnig þið sambyggðir til andlegs bústaðar handa Guði. (Ef. 2: 14-16, 19-22).*

Enginn er neyddur þess að koma inn. Þeir sem vilja mega koma inn. Þetta er skjólshús.

### 3.3) Barátta kirkjunnar gegn afmennskun

Kirkjan sem skjólshús er hvorki aðskilin frá heiminum né hlutlaus í afstöðu til hans. Kirkjan sem skjólshús tekur virkan þátt í samfélagsmálum og boðar kærleika Guðs og réttlæti meðal fólks.

En á sama tíma viðurkennir kirkjan sem skjólshús að það séu tvær víddir í málefnum þjóðfélagsins. Annars vegar eru mál sem eru sameiginleg öllum óháð trúarlegum bakgrunni og hins vegar eru mál er varða trúna á Guð.

Meðal samfélagsmála sem eru sameiginleg, óháð því hvaða trú maður aðhyllist, eru mál er varða afmennskun (e. *dehumanization*).

Afmennskun er stórt og alvarlegt mál. Hvernig birtist hún? Afmennskun er í stuttu máli að svipta manneskju manneðli sínu, að meðhöndla aðra manneskju eins og hún sé ekki manneskja. Afmennskun er alvarlegasta og syndsamlegasta afstaða og framkoma við annað fólk í heiminum sem við búum í.

Afmennskun birtist t.d. í stríði, hungri barna í Afríku, þrældómi barna í sumum Asíulöndum og mismunun vegna kynhneigðar eða kynþáttar. Hún birtist einnig í aðstæðum heimilislausra á Íslandi. Fólksflótti er ein ljótasta birtingarmynd afmennskunar.

Kirkjan lítur afmennskun alvarlegum augum af því að sérhver manneskja er sköpun Guðs. Sérhver manneskja er barn Guðs og því nýtur hún blessunar Guðs óháð því hvort hún er trúir á hann eða ekki. Þess vegna berst kirkjan gegn afmennskun á jörðinni og reynir að varðveita mennsku okkar.

Þetta er hluti af mannréttindabaráttu og því er hægt að segja að baráttan gegn afmennskun sé barátta fyrir mannréttindum.

Mannréttindabarátta, sem á sama tíma er barátta gegn afmennskun, er sameiginleg ýmsum samtökum, stofnunum og einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða. Kirkjan þarf að taka mið af því þegar hún starfar í opinberu rými að þar getur trúboð verið óviðeigandi.

Að öðru leyti boðar kirkjan fagnaðarerindið án þess að hika. Barátta gegn afmennskun er til að vernda mennsku hvernar manneskju og blessun Guðs. En tilgangur starfs kirkjunnar einskorðast ekki við það heldur þarf hún að halda áfram að hjálpa öllum mönnum að endurheimta mynd Guðs sem týnst hefur vegna syndar. Og mynd Guðs er aðeins hægt að eignast fyrir trú á Jesú Krist. Kirkjan þjónar því markmiði.

Ofangreindar tvær myndir af kirkjunni, annars vegar sem skjólshúsi og hins vegar baráttan gegn afmennskun og endurreisn manneskjunnar í mynd Guðs, eru grunnur þeirrar stefnu sem nefndin leggur til. Áþreifanleg verkefni og tilgangur þeirra byggjast á þessum tveim grunnhugmyndum.

### 3.4) Grunnstarfsemi kirkjunnar í málefnum flóttamanna

Kjarni hugmyndarinnar um kirkjuna sem skjólshús er að kirkjan hagi störfum sínum á meðal flóttafólks samkvæmt því sem hún myndi gera ef Guðs ríki væri komið í fyllingu sinni.

Hvernig birtist guðsríki fólki á flóttu sem veit ekki hvar það má búa og hefur áhyggjur af því að vera vísað úr landi? Hvernig birtist náð Guðs fólki á flóttu sem hefur yfirgefið allar eigur sínar, vini og stundum jafnvel fjölskyldu og getur ekki losnað undan slæmri martröð í lífi sínu? Kirkjan á að vera þessu fólki skjólshús.

Huggun, umföðmun, umhyggja, samstaða, samvera og kærleikur eru orð sem benda á eðli guðsríkisins.

Hvernig getum við sýnt flóttafólki umhyggju, samstöðu og samfélag? Kirkjan sem skjólshús getur til dæmis gert eftirfarandi:

Í hinu innra:

- a) Tekið á móti fólki sem manneskjum (umhyggja, samtal)
- b) Staðið með fólki (samstaða)
- c) Grætt sársauka fólks (huggun, samkennd)

Í hinu ytra:

- d) Verið málsvari (advocacy)(samtal, samstaða)
- e) Rutt réttlætinu braut bæði fyrir Guði og mönnum (samstaða)
- f) Þjónað í heiminum í samstarfi við aðra (samvinna)

Í eðli sínu er starfsemi skjólshúss sveigjanleg og gefur möguleika á að skapa og þróa nýja starfsemi hvenær sem tækifæri gefst.

Í hverju verkefni verður ávallt að tryggja öryggi og velferð sérhverrar manneskju.

Ofangreind verkefni, a-f, eru tvíþætt, annars vegar barátta gegn afmennskun og hins vegar boðun fagnaðarerindisins. Kirkjan sem skjólshús þjónar í heiminum, fer út úr kirkjuhúsinu og þjónar einnig inni í kirkjunni sjálfri.

Barátta gegn afmennskun á margt sameiginlegt með mannréttindabaráttu og í henni leggur kirkjan ekki mikla áherslu á kristna trú í orði heldur talar fyrst og fremst um almenna mannúð og samfélagslegt réttlæti.

Boðun fagnaðarerindisins er hins vegar hefðbundið kjarnahlutverk kirkjunnar. Það er mikilvægt að vera meðvituð um að kirkja sem skjólshús felur alltaf þetta tvennt í sér.

### 3.5) Tengsl við hugtakið „kirkjugrið“

Kirkja sem skjólshús felur í sér hefðbundnar hugmyndir um *kirkjugrið*. Það einkennir málefni flóttafólks að söfnuðir vernda fólk í kirkjum sínum með því að leyfa því að dvelja þar í þeim tilgangi að hindra brottvísun úr landi.

Kirkja sem skjólshús hvetur ekki til þess að kirkjunnar fólk gerist lögbrjótar, en kirkjunnar fólk hefur almennan rétt til sýna borgaralega óhlýðni í þágu viðurkennds málstaðar enda telji söfnuðurinn það skyldu sína til að hlýða kenningu Jesú Krists. Slíkar aðstæður gætu leitt til þess að kirkjuhúsið yrði notað fyrir *kirkjugrið* í hefðbundinni merkingu orðsins.

Hér áskilur Þjóðkirkjan sér rétt til að sýna veraldlegum yfirvöldum borgaralega óhlýðni. En ljóst er að frekari umræða þarf að fara fram um málið innan kirkjunnar og samkomulag að liggja fyrir áður en gripið verður til slíkra aðgerða.

#### 4. Nokkrar hugmyndir til umhugsunar um starfsemi kirkju sem skjólshúss

##### 4.1) *Seekers*-samkomur

*Seekers*-bænasamkomur í Laugarneskirkju hófust í apríl 2015. Þær voru fluttar í Háteigskirkju í september 2018. Meðaltal fjölda þátttakenda er 8-12 manns.

*Seekers*-bænasamkomur í Hjallakirkju hófust í september 2015. Þær fluttust í Breiðholtskirkju í september 2018. Meðaltal fjölda þátttakenda er 22-28 manns.

*Seekers*-bænasamkomur í Keflavíkurkirkju hófust sumarið 2018. Af og til er hlé gert á þeim aðallega vegna lítils fjölda þátttakenda. Fjöldi þátttakenda var um 4-8 manns í hvert skipti.

Þessar samkomur eru haldnar vikulega og voru/eru fyrir hælisleitendur sem eru að bíða eftir úrskurði um hælisumsóknir sínar. Í Breiðholtskirkju eru samkomur bæði fyrir fólk sem bíður eftir úrskurði og fólk sem hefur fengið dvalarleyfi.

Fyrir utan þessar bænasamkomur hófust í október 2015 enskar messur einu sinni í mánuði í Breiðholtskirkju. Eftir að *Seekers*-bænasamkomurnar voru fluttar úr Hjallakirkju í Breiðholtskirkju hafa þær sameinast Alþjóðlega söfnuðinum í Breiðholtskirkju. Fjöldi þátttakenda í messum er 35-40 manns.

Ofangreindar samkomur eru sjálfstæðar hver um sig en eru samt *Seekers*-samkomur í Þjóðkirkjunni.

*Seekers* var fyrsta fasta verkefnið á vegum Þjóðkirkjunnar fyrir hælisleitendur og var móttaka hælisleitenda ávalt í forgrunni. Margvísleg þekking, reynsla og tengsl við flóttafólk hefur orðið til í *Seekers*-verkefninu.

Þeir sem hafa tekið þátt í *Seekers*-verkefnum eru:

Í Laugarneskirkju: sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, þáverandi sóknarprestur, sr. Hjalti

Jón Sverrisson, prestur, sr. Eva Björk Valdimarsdóttir, þáverandi héraðsprestur

Reykjavíkurprófastsdæmis vestra

Í Háteigskirkju: Sr. Eva Björk Valdimarsdóttir, þáverandi héraðsprestur

Reykjavíkurprófastsdæmis vestra, Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir, héraðsprestur

Reykjavíkurprófastsdæmis vestra

Í Hjallakirkju: Sr. Sigfús Kristjánsson, þáverandi sóknarprestur, sr. Steinunn Arnþrúður

Björnsdóttir, prestur

Í Keflavíkurkirkju: Sr. Erla Guðmundsdóttir, sóknarprestur, sr. Fritz Már Jörgensson, prestur

Í Breiðholtskirkju: Sr. Magnús Björn Björnsson, sóknarprestur, Steinunn Þorbergsdóttir, djákni,

Örn Magnússon organisti og sr. Toshiki Toma, prestur innflytjenda (sem tekur þátt í öllu ofangreindu). Auk ofantalinna er ótalið starfsfólk í þessum söfnuðum.

##### 4.2) Alþjóðlegi söfnuðurinn í Breiðholtskirkju

Eftir að *Seekers*-bænasamkomur sem haldnar höfðu verið vikulega í Hjallakirkju voru fluttar yfir í Breiðholtskirkju í september 2018, voru þær sameinaðar ensku messunni sem haldin var mánaðarlega í Breiðholtskirkju.

Helgihald á ensku er í Breiðholtskirkju á hverjum sunnudegi. Messa með altarisgöngu er einu sinni í mánuði en lofgjörðar- og bænaguðsþjónustur á öðrum sunnudögum. Síðasta sunnudag hvers mánaðar fellur helgihald niður en fólkið er hvatt til að ganga til altaris í Hallgrímskirkju.

Tveimur árum eftir að *Seekers*-bænasamkomur hófust í Laugarneskirkju höfðu sumir þátttakendur fengið dvalarleyfi á Íslandi og voru byrjaðir að byggja upp nýtt líf hér á landi. Þannig hefur samfélagið í Breiðholtskirkju verið blanda af fólki sem hefur fengið dvalarleyfi og hælisleitendur sem bíða eftir úrskurði á umsóknum sínum.

Vegna breytinga á aðstæðum í árslok 2018 var ákveðið að kalla samkomur flóttafólks, fyrrum flóttafólks og innflytjenda „Alþjóðlega söfnuðinn í Breiðholtskirkju“ eða „The International Congregation in Breiðholts-Church“(ICB).

Kirkjugestir eru 20-25 manns í guðsþjónustum og 35-40 í messum.

#### 4.3) Til umhugsunar í ljósi reynslunnar af *Seekers*-verkefninu og ICB

- *Seekers*-samkomur hófust með 3-4 hælisleitendum og tveimur prestum. Eftir ár mættu af og til 30-40 manns. Þessi aukning átti sér stað þrátt fyrir að samkomurnar voru ekki auglýstar. Fólkið bættist við af því að fréttir af þeim bárust manna á meðal frá þátttakendum. Það sýnir hve mikilvægt er að þátttakendum líði vel á samkomunum. Langflestir koma til kirkju til að finna frið, eiga mannleg samskipti og fá styrk frá Guði. Einlæg bænargjörð og hugleiðing úr Biblíunni eru þau atriði sem skipta máli.
- Engu að síður eru auglýsingar mikilvægar.
- Um 70-80 prósent þátttakenda í *Seekers* eða ICB tala farsí (persnesku). Aðaltungumálið í helgihaldinu er enska. En það eru alltaf margir sem skilja hana ekki vel og því þarf túlkun. Venjulega tekur einhver, sem kann bæði ensku og farsí, að sér hlutverk túlks bæði í ICB og á *Seekers*-samkomum. Þetta er auðvitað sjálfboðaðþjónusta og í tæplega sex ára sögu *Seekers* og ICB hefur það aðeins komið fyrir í örfá skipti að enginn hafi komið til að túlka. Fólki hjálpast að á samkomunum. Hælisleitendur leggja sitt af mörkum á samkomum og eru ekki aðeins þiggjendur þjónustunnar.
- Á einum stað á *Seekers*-bænaundum og á lofgjörðar- og bænaguðsþjónustum segja þátttakendur frá sjálfum sér, t.d. hvernig honum eða henni líður eða segir frá einhverju sem gerst hefur í liðinni viku. Sumir kjósa að tjá sig ekki en flestir venjast því að deila upplifun sinni með öðrum. Þessi þáttur gengur mjög vel þó að það sé ekki alltaf auðvelt. Hann gerir samkomurnar gagnvirkari en hefðbundnar guðsþjónustur. Þátttakendur fá tækifæri til að varpa byrðum af sér og presturinn fær betri vitneskju um hverju hann á að biðja fyrir. Einnig styrkja þessi samskipti samstöðu á meðal þátttakenda.
- Hvorki í *Seekers*-hópunum né í ICB mæla prestar sérstaklega með því að þátttakendur taki skírni. Prestarnir tala aðeins um fagnaðarerindið og Jesú Krist. Engu að síður óskar fólkið eftir því að taka skírni og á rúmum fjórum árum hafa meira en 60 einstaklingar verið skírðir. Heyrst hefur sú gagnrýni að hælisleitendur vilji fá skírni til að skreyta hælisumsóknir sínar. En reynslan frá *Seekers* og ICB sýnir að flest af þessu nýkristna fólki heldur áfram að sækja kirkju eftir að það hefur fengið dvalarleyfi.

- Skírnarfræðsla er ekki í starfsskipulagi *Seekers* og *ICB* heldur er hún veitt þegar prestur fær beiðni um það. Þar sem hælisleitanda getur verið vísað úr landi hvenær sem er, er mikilvægt að veita honum fræðslu sem fyrst. Skírnarfræðslan er samt einskorðuð við grundvallaratriði kristinnar trúar. Fræðslan í *ICB* tekur sex vikur. Tvímælaust er áframhaldandi kristin trúfræðsla mikilvæg en hún gengur ekki eins vel og við vildum í *ICB*.
- Ástæða þess að áframhaldandi fræðsla gengur illa í *ICB* er sú, að eftir að hælisleitandi hefur fengið dvalarleyfi verður hann mjög upptekinn. Hann þarf að sækja um kennitölu, finna leiguíbúð og sækja um vinnu. Eftir að hann byrjar að vinna verður hann oftast mjög bundinn af vinnunni og kemst ekki reglulega í kirkju. Segja má að þetta sé fast mynstur sem hefur mikil áhrif á vöxt og viðgang safnaðarins. Því þarf að huga að viðbrögðum kirkjunnar við þessu.
- Í tæplega fimm ára sögu *Seekers* og *ICB*, hafa sjö tilraunir verið gerðar til sjálfsvígs. Auk þess hafa þrír menn farið í hungurverkfall lengur en í þrjár vikur. Innlagnir á spítala vegna þunglyndis eða meðferð vegna þunglyndis eru mjög algengar. Reynslan frá *Seekers* og *ICB* hefur sýnt, að það hjálpar einstaklingi í erfiðum aðstæðum að fá góðan tíma til að tala um sín mál og að hlustað sé á hann. Margir hælisleitendur leita að tækifæri til að fá gott samtal fremur en svefntöflur eða önnur lyf. Styrkja þarf sálgæsluþjónustuna.
- Margir hælisleitendur eru óánægðir með að fá ekki tækifæri til að segja hvað þeir eru að hugsa og hvers þeir óska. Orðatiltæki eins og: „Ekkert um okkur án okkar“ á einnig við um um hælisleitendur. Kirkjan þarf að hlusta meira á þá til að skilja betur aðstæður þeirra. Aðstoða þyrfti hælisleitendur með því að skapa þeim tækifæri til að tjá sig við samfélagið og á þann hátt virða og efla tjáningarfrelsi þeirra.
- Þeir sem taka þátt í starfi *Seekers* og *ICB* mega ekki verða „einangraður hópur“ innan Þjóðkirkjunnar. Slíkt getur mjög auðveldlega gerst. Prestar og þeir sem styðja við *Seekers* og *ICB* verða að vera vakandi fyrir því og þurfa að reyna að tengja þá við söfnuði á Íslandi. Breiðholtssöfnuður bauð *ICB* í safnaðarferð sína í maí 2019 og tókst það vel. Einnig höfðu söfnuðirnir sameiginlega guðsþjónustu á aðventunni. Það tókst einnig vel og er ætlunin að hafa fleiri sameiginlegar guðsþjónustur á þessu ári, 2020. Þetta er alls ekki einfalt verkefni og þarf að vinna meira með það.
- Hið sama gildir í öðrum söfnuðum og er það eftirsóknarvert og fyrirhafnarinnar virði að safnaðarfólk taki vel á móti útlendingum (hælisleitendum/innflytjendum) sem mæta í messu eða aðra þætti safnaðarstarfsins t.d. með því að bjóða þeim í kaffi og spjall. Það rýfur einangrun þeirra.
- Margir hælisleitendur, sem bíða eftir úrskurði hælisumsókna sinna, segjast hafa mjög lítið fyrir stafni og að það sé niðurdrepanði. Kirkjan getur skipulagt ýmsa starfsemi fyrir þá, eins og t.d. íslenskukennslu, enskukennslu, samfélagsfræði eða boðið þeim í sjálfboðavinnu eins og snjómokstur.
- Í þessu sambandi er það líka jafn mikilvægt að veita hælisleitendum tækifæri til að skipuleggja starfsemi af eigin frumkvæði.

- Það kemur einnig til greina að hælisleitendur kenni Íslendingum matargerð frá heimalandi sínu eða kynni menningu og samfélag heimalands síns. ICB hafði samfélagskvöld tvisvar sinnum veturinn 2019 þar sem íranskir hælisleitendur elduðu íranskan mat og félagar úr ICB og íslenskir gestir borðuðu saman. Eftir matinn voru umræður sem byggðust á Alpha-námskeiðinu. Um 40 manns tóku þátt í hvert skipti og gekk það ljómandi vel.
- Meðal hælisleitenda frá Íran er prestur sem þjónaði í leynilegri kirkju þar í landi. Hann lenti í fangelsi vegna trúar sinnar og upplifði mjög erfiðan tíma. Hann fékk dvalarleyfi hér á landi og þarf nú að leita sér að vinnu. Það er nauðsynlegt og æskilegt, að mati starfshópsins, að slíkur einstaklingur með köllun Guðs geti þjónað á vegum Þjóðkirkjunnar. Hana vantar einmitt Guðs þjón sem getur aðstoðað við boðun fagnaðarerindisins á meðal fólks sem talar farsí.
- Þegar hælisleitandi fær dvalarleyfi á hann fyrir höndum erfitt ferli í leit að húsnæði, atvinnu og öðru til þess að fóta sig í samfélaginu. Þetta eru raunverulegir erfiðleikar sem mæta honum. Til þess að aðstoða fólk í þessum erfiðleikum, mundi „mentor-stuðningur“ nýtast vel, þar sem Íslendingur myndi fylgja hælisleitanda í þessu ferli og aðstoða hann. Slíkan aðila má kalla leiðbeinanda, hjálparliða, fylgdarmenn og verkefnið fylgd.
- Það blasir við að kerfið utan um hælisleitendur á Íslandi jafnt sem í Evrópu, er gallað á ýmsan hátt. Ekkert er ófyrirgefanlegt. Það þarf stöðugt að bæta kerfi samfélagsins. En það er ófyrirgefanlegt að neita tilvist galla og koma sér hjá því að reyna að bæta kerfið til að tryggja mannréttindi og mannúð. Almennungur hefur eftirlitsskyldu. Það er auðvitað hlutverk löggjafans að semja lög og breyta þeim, en almenningur, þar á meðal kirkjan, hefur skyldur og rétt til að skoða mál er varða hælisleitendur og benda á óréttlæti og ómannúðlegar ráðstafanir ef slíkt er fyrir hendi. Kirkjan er stærsta stofnun mannúðar og kærleika á Íslandi. Því þarf hún að vera sér betur meðvituð um þessi réttindi og skyldur og beita sér í þeim málum.
- Málsvarahlutverk (e. „*advocacy*“) (boðun málstaðar, málafærsla) á vegum hælisleitenda er mjög mikilvægt. Hælisleitendur kunna ekki íslensku, oft ekki heldur ensku, hafa engin persónuleg tengsl í íslensku samfélagi og engan aðgang að fjölmiðlum. Hælisleitendur vantar aðstoð, málsvara. Kirkjan getur tekið það hlutverk að sér.
- Varðandi aðstoð við hælisleitendur er mikilvægt og nauðsynlegt að vera í góðum samskiptum við aðra aðila sem aðstoða þá t.d. Rauða kross Íslands, sveitarfélög, samtökin No Borders, Solaris eða lögmenn hælisleitenda. Þegar Þjóðkirkjan hefur mótað stefnu um málefni flóttafólks er nauðsynlegt að láta þessa aðila vita formlega að hún ætli sér að beita sér í þessum málaflokki.
- Samstarf við aðra aðila sem starfa fyrir flóttafólk er mikilvægt. Engu að síður þarf Þjóðkirkjan að einbeita sér að því að verða sterkur og sjálfstæður aðili í þessum málaflokki. Þjóðkirkjan hefur hingað til ekki verið mjög virk í málum fólks á flóttu. Það er nauðsynlegt fyrir hana að velta fyrir sér hvers vegna hún hefur verið það. Sú spurning er nauðsynleg fyrir vöxt kirkjunnar í framtíðinni.

- Þau sem taka að sér mál hælisleitenda, þurfa að vera viðbúin því að skjólstaðingum þeirra verði vísað brott. Það er óraunsætt að halda að hægt sé að komast hjá því. Þegar einstaklingur er í persónulegum samskiptum við hælisleitanda getur brottvísun hans verið mikið áfall fyrir hann. Forvarnarfræðsla, bænir og handleiðsla munu nýtast til að mýkja áfall og minnka álag.
- Þróun samfélagsmiðla gerir fólki kleift að eiga í samskiptum við hælisleitendur jafnvel eftir að þeim hefur verið vísað úr landi. Hægt er að aðstoða þá með því að hafa samband við stuðningsaðila í viðkomandi landi eins og kirkjur eða góðgerðarfélag. Til þess að geta veitt hælisleitendum sem hefur verið vísað úr landi slíka aðstoð er mikilvægt að vera hluti af stuðningsneti í Evrópu.
- Ferð sem var farin til að fræðast um málefni flóttamanna hjá Lúterska heimssambandinu (LWF) og Alkirkjuráðinu (WCC) í Genf í september 2019, sem sjö þjóðkirkjuprestar tóku þátt í, reyndist mjög fróðleg og skapandi. Gott væri og nauðsynlegt að fara í fleiri svona fræðsluferðir í framtíðinni. Heimsókn til CCME (Church's Commission to the Migrants in Europe) í Brussel væri sérstaklega fróðleg og hagnýt til að ganga inn í evrópskt samstarf, mynda sambönd og verða hluti af neti í fólks sem vinnur að málefnum flóttamanna.
- Praktísk aðstoð við hælisleitendur getur kostað fé. Til dæmis verður hælisleitandi að greiða lögmanni sínum um 50.000 kr. til að áfrýja máli sínu, þegar hann hefur fengið synjun frá kærunefnd útlendingarmála (KNU). Eða þegar hælisleitanda er úthlutað húsnæði í Reykjanesbæ og vill fara í kirkju á höfuðborgarsvæðinu, þá verður hann að greiða fargjald með strætó (um 2.000 kr. aðra ferð, 4.000 kr. fram og til baka). En slíkt er ekki auðvelt fyrir fólk sem hefur engar tekjur. Því gæti það verið hluti af stuðningi kirkjunnar við hælisleitendur að taka þátt í slíkum kostnaði. Söfnun fjár til styrktar hælisleitendum þarf að komast í starfsáætlun kirkjunnar.
- Eitt af þeim atriðum sem sendinefndin til Genfar lærði er að aðstoð við hælisleitendur þarfnast þjónustuteymis. Það er afar lítið sem einn einstaklingur getur gert í málefninu. Auðvitað er það eftirsóknarvert að sérhver kristin manneskja leggi sitt að mörkum til aðstoðar og sérhver söfnuður sé reiðbúinn að taka á móti hælisleitendum. En samt sem áður er þjónustuteymi um málefnið nauðsynlegt til ráðgjafar, leiðbeiningar og stuðnings vegna sérþekkingar bæði fyrir einstaklinga og söfnuði. Slíkt þjónustuteymi um málefni flóttafólks og innflytjenda er bráðnauðsynlegt.
- Þjóðkirkjan vill aðstoða hælisleitendur svo að þeir geti varðveitt manneðli sitt og blessun Guðs sem börn hans. Þetta er sameiginlegt verkefni kirkjunnar og góðviljaðs fólks í samfélaginu. Um leið vill kirkjan bjóða hælisleitendur sérstaklega velkomna ef þeir vilja verða kristnir eða verða hluti af kirkjunni.  
Til þess að hrinda þjónustuáætlun kirkjunnar í framkvæmd þarf þjónustuteymið að vera ábyrgðaraðili innan kirkjunnar. Söfnuðir sem eru nú þegar með sérstaka starfsemi fyrir flóttafólk eða innflytjendur eiga að vera kallaðar „móttökukirkjur“. Þær eru Breiðholtskirkja, Háteigskirkja, Laugarneskirkja, Ástjarnarkirkja og Keflavíkurkirkja. Markmið móttökukirkju er að safna saman fólki í söfnuðinum til að taka þátt í að framkvæma ákveðin verkefni.

- Meðal móttökukirkna á Alþjóðlegi söfnuðurinn í Breiðholtskirkju að vera viðurkenndur sem „módel“ blandaðs safnaðar flóttafólks, innflytjenda og Íslendinga. Í Breiðholtskirkju eru tveir söfnuðir og þessi viðurkenning sem módelstöfnuður er mjög nauðsynleg fyrir Alþjóðlega söfnuðinn til þess að tryggja starfsemina og þróun hans í framtíðinni.
- Skráning fólks í trúfélag hjá Þjóðskrá er nú eingöngu möguleg með rafrænum hætti. En til þess að ljúka skráningunni þarf íslykil og aðgang að tölvukerfi. Þetta ferli er oftast mjög flókið fyrir flóttafólk sem er nýbúið að fá landvistarleyfi, bæði vegna þess að það hefur takmarkaða þekkingu á samfélaginu og kerfinu og litla kunnáttu í íslensku og ensku. Þetta þarf að athuga og krefjast úrbóta hjá Þjóðskrá.
- Algengt er að samfélagið sýni konum og börnum meiri samúð en karlmönnum. Frá upphafi var lögð sérstök áhersla á þjónustu við einstæða karla á *Seekers*-samkomum. Þetta var rétt leið á sínum tíma en það blasir við að kirkjan þarf að auka þjónustu við konur, börn og fjölskyldur.
- Ástjarnarkirkja býður flóttafólki og innflytjendum upp á ókeypis íslenskukennslu. Samband íslenskra kristniboðsfélaga gerir það líka. Nokkrir einstaklingar sem sækja kennsluna sækja helgihald hjá *ICB*.

#### 4.4) Kostir og gallar

Ofangreind atriði í 4-3) eru til umhugsunar og eru tekin úr reynslubanka *Seekers* og *ICB* á undanförunum fimm árum.

Reynslan sýnir bæði kosti og galla. Sumt hefur gengið vel en annað hefur mistekist og því þarf að huga að nýjum leiðum.

Tillaga að stefnu Þjóðkirkjunnar í málum fólks á flótta sem starfshópurinn leggur fram byggir á reynslu og guðfræðilegum skilningi á málinu.

#### 4.5) Næsta skref : „*Seekers ministry*“, móttökusöfnuðir og Alþjóðlegi söfnuðurinn

Aukinn fjöldi hælisleitenda er tiltölulega nýtt fyrirbæri í íslensku þjóðfélagi og Þjóðkirkjunni. Starf fyrir hælisleitendur er nýtt af nálinni en þó hefur nokkurra ára reynsla fengist af *Seekers*-verkefninu og starfi Alþjóðlega safnaðarins.

Nefndin leggur til að myndaður verði starfshópur um málefni flóttafólks og hælisleitenda, *Seekers ministry*,“ til að skipuleggja þjónustu fyrir hælisleitendur. Jafnframt leggur hún til að núverandi starfshópur sem unnið hefur stefnumótunartillögu um málefni flóttamanna og hælisleitenda fyrir kirkjuþing verði að *Seekers ministry*-starfshópi til að byrja með vegna sérþekkingar hans og reynslu sem hann hefur aflað sér.

*Seekers ministry* er enska, en starfshópurinn mun hafa mikið samband við útlendinga í þjónustu sinni og því er þetta hentugt nafn.

Nefndin leggur einnig til að mótaðir verði „móttökusöfnuðir“ fyrir hælisleitendur eins og lagt er til í punktunum hér að ofan. Lagt er til að þeir söfnuðir sem tilnefndir eru sem móttökusöfnuðir (Breiðholtskirkja, Háteigskirkja, Laugarneskirkja, Ástjarnarkirkja og Keflavíkurkirkja) verði það því að þeir hafa allir reynslu af *Seekers* samkomum eða annarri starfsemi fyrir hælisleitendur.



Ástæða þess að móttökusöfnuðirnir eru allir á höfuðborgarsvæðinu er sú að hælisleitendur dvelja þar á meðan umsóknir þeirra eru í vinnslu.

Tilvera móttökusafnaða auðveldar skipulagningu á starfi og mati á því og stuðlar að skilvirkri nýtingu á starfskröftum. Það felur ekki í sér takmörkun á þátttöku annarra safnaða í landinu til að vinna að málefnum hælisleitenda og flóttafólks þótt einstaka söfnuðir séu útnefndir móttökusöfnuðir. Öllum söfnuðum landsins stendur til boða að gerast móttökusöfnuðir óski þeir þess og hvatt er til að sem flestir geri það.

Í framhaldi af tillögu um móttökusöfnuði leggur nefndin til að Þjóðkirkjan viðurkenni tilvist safnaðar hælisleitenda, innflytjenda og Íslendinga sem kemur saman í Breiðholtskirkju sem „Alþjóðlega söfnuðinn“ (e. The International Congregation). Ástæða þessarar tillögu er sú, að markmiðið er að samfélag hælisleitenda þróist og verði að venjulegum kirkjusöfnuði. Það mun þó taka nokkurn tíma þar til þessi ný söfnuður getur orðið „íslenskur“ söfnuður. Þess vegna er æskilegt á þessu stigi að viðurkenna tilveru þessa safnaðar sem „söfnuð fólks af erlendum uppruna“ „söfnuð nýrra Íslendinga.“ Samfélag sem hægt er að kalla söfnuð er aðeins að finna í Breiðholtskirkju um þessar mundir, en þeim gæti fjölgað í framtíðinni.

## 5. Sérstök atriði sem nefndin telur mikilvægt að koma á framfæri

Að lokum vill nefndin undirstrika nokkur atriði sérstaklega sem fjallað er um í 2. kafla um stöðu hælisleitenda á Íslandi. Ástæða þess að nefndin nefnir þau hér aftur sérstaklega er sú, að þetta eru mjög brýn samfélagsmál sem kirkjan þarf að kalla á samvinnu og samstöðu um víða í þjóðfélaginu.

5.1) Kristið flóttafólk sem hefur flúið heimaland sitt vegna trúarofsókna

Þjóðkirkjan er auðvitað á móti öllum ofsóknum, fordómum eða mismunun gagnvart fólki sem aðhyllist tiltekin trúarbrögð eða lífsskoðanir.

Kristið fólk sætir því miður ofsóknum á ýmsum stöðum í heiminum. Í sumum löndum varðar það dauðarefsingu að snúast til kristinnar trúar og annars staðar eru kristnir menn skotmörk hryðjuverkasamtaka.

Þjóðkirkjan fordæmir slíkar ofsóknir og ofbeldi bæði gagnvart kristnum mönnum og fólki sem aðhyllist önnur trúarbrögð og lífsskoðanir. Ofsóknir gegn einni kristinni manneskju er ofsókn gegn kirkjunni í heild sinni.

*„Í einum anda vorum við öll skírð til að vera einn líkami, hvort sem við erum Gyðingar eða Grikkir, þrælar eða frjálsir, og öll fengum við einn anda að drekka. (...) Og hvort heldur einn limur þjáist, þá þjáist allir limirnir með honum eða einn limur er í hávegum hafður samgleðjast allir limirnir honum.“* (1 Kor. 12:13, 26)

Þjóðkirkjan getur ekki litið fram hjá tilvist bræðra og systra sem þjáast vegna ofsókna hvar sem er í heiminum. Hún þarf að biðja sérstaklega fyrir þeim hvar sem þeir eru og láta í sér heyra og beita sér fyrir því að þeim sem sæta ofsóknum sé bjargað.

Í þessu sambandi þarf Þjóðkirkjan að hvetja stjórnvöld til að taka vel á móti flóttafólki sem leitar hælís vegna ofsókna sökum kristinnar trúar sinnar eins og tekið er á móti ákveðnum hópum flóttafólks út frá sjónarmiðum kvenfrelsis eða réttindum hinsegin fólks.

## 5.2) Börn á flóttu

Úr Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna:

3.gr.:

- 1) „Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.
- 2) Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum barna, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.“

4. gr.:

„Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau, sem viðurkennd eru í samningi þessum, komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.“

Nefndin hvetur þjóðkirkjuna að taka skýra afstöðu og minna íslensk stjórnvöld á ákvæði Barnasáttmálans varðandi börn á flóttu. Við skulum minna okkur á að engir eru eins nálægt guðsríkinu og börn.

*„Þegar Jesús sá það sárnaði honum og hann mælti við þá: ‚Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi því að slíkra er Guðs ríki. Sannlega segi ég ykkur: Hver sem tekur ekki við Guðs ríki eins og barn mun aldrei inn í það koma.‘ Og Jesús tók þau sér í faðm, lagði hendur yfir þau og blessaði þau.“ (Mk. 10:14-16)*

## 5.3) Flóttafólk frá löndum sem hafa veitt því alþjóðlega vernd

Mál flóttafólks sem hefur fengið alþjóðlega vernd í Grikklandi, á Ítalíu eða í Ungverjalandi án þess að fá tækifæri til að lifa mannsæmandi lífi þar og hefur flúið þaðan í leit að betra lífi er einnig stórt mál á Íslandi.

Móttaka flóttafólks felur í sér aðstoð varðandi húsnæði, menntun, heilsugæslu, atvinnu og svo framvegis, þ.e. að aðstoða manneskju til að lifa mannsæmandi lífi.

Flóttamaður sem hefur fengið landvistarleyfi en er án húsnæðis, atvinnu og aðgengis að heilsugæslu er enn á flóttu.

Nefndin telur að margt flóttafólk sem hefur fengið landvistarleyfi í löndum eins og Grikklandi, Ítalíu eða Ungverjalandi sé í rauninni enn á flóttu og því leggst nefndin afdráttarlaust gegn því að fólk sé sent til baka til Grikklands, Ítalíu eða Ungverjlands.

Mörg börn á flóttu tilheyra þessum hópi og því er þetta mál einnig mikilvægt út frá vernd barna.

Nefndin leggur til að Þjóðkirkjan hvetji yfirvöld til að endurskoða núverandi kerfi um fólk á flóttu, sérstaklega að Alþingi Íslendinga endurskoði lagaumhverfi sitt svo að koma megi í veg fyrir að stjórnvöld geti vísað fólki á flóttu í þessum hópi úr landi án efnislegrar meðferðar á umsóknum þeirra um alþjóðlega vernd hér á landi.

## 6. Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun til að framkvæmda verkefni sem fylgja stefnutillögu þess, nefnilega *Seekers ministry*, reiknast að vera rúmlega 1 milljón krónur ár hvert.

Verkefni hjá *Seekers ministry* skarast mikið á núgangandi verkefni Alþjóðlega safnaðarins í Breiðholtskirkju og fjárhagsáætlun fyrir það reiknast sjálfstætt en hún er um 2,2 milljónir krónur.

Fjárhagsáætlun *Seekers ministry* fyrir eitt ár er eins og eftirfarandi:

1) Starfshópslaun (nefndarlaun) kr. 9.145 x 5menn x 10 skipti	kr. 457.250
2) Kostnaður fyrir samkomur o.fl.	kr. 242.750
3) Reiðufé fyrir neyðaraðstoð fyrir hælisleitendur	kr. 300.000
<b>Samtals</b>	<b>kr. 1.000.000</b>